

Ed.

## **766. Frumvarp**

til laga um útrýming fjárkláðans.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

### 1. gr.

Til þess að útrýma fjárkláða úr landinu veitist landsstjórninni heimild til þess að fyrirskipa tvær baðanir með hæfilegu millibili veturinn 1911 til 1912 á öllu sauðfé. Hún semur með ráði dýralæknis reglugerð um framkvæmd baðanna með fyrirmælum um, hvaða baðlyf skuli nota og hvernig með fara og um annað, sem þurfa þykir til þess, að baðanirnar komi að tilætluðum notum.

### 2. gr.

Landsstjórnin skipar með ráði lögreglustjóra og dýralækna einn kláðalækni í sýslu hverri eða tvo, ef þurfa þykir, og í hverjum hreppi og kaupstað svo marga baðara, sem við þarf.

### 3. gr.

Kláðalæknum og böðurum ber að haga störfum sínum eftir því sem reglugerðin mælir fyrir. Þar skal ákveða kaup kláðalækna og baðara og annan tilkostnað þeirra. Skal kaup kláðalækna ekki vera hærra en 5 kr. og baðara ekki hærra en 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru að heiman við þessi störf. Kláðalæknum skal borgað að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sýslusjóði, en böðurum að hálfu úr landssjóði og að hálfu úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Reikningar kláðalækna ásamt umsögn sýslunefnda, og baðara ásamt umsögn hreppsnefnda eða bæjarstjórna skulu sendir stjórnarráðinu til úrskurðar.

Landsstjórnin annast kaup á baðlyfjum, flutning þeirra á viðkomustaði strandferðaskipanna, váttrygging, uppskipun, geymslu og afhending. Öllum baðlyfjakostnaði skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir jafna niður á fjáreigendur eftir fjártölu. Innheimta hreppsnefndir eða bæjarstjórnir gjald þetta og senda sýslumönnum eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

### 4. gr.

Landsstjórnin ákveður með ráði lögreglustjóra og dýralækna, hve mikið þurfi af baðlyfjum, og annast um kaup á þeim og flutning á framangreindar hafnir, en sýslunefndir um viðtöku þeirra þar, geymslu og afhending.

### 5. gr.

Fyrir brot móti reglugerð þeirri, sem landsstjórnin setur samkvæmt lögum þessum, má i reglugerðinni ákveða 5 til 200 kr. sektir, og fer um mál út af brotum þeim sem um almenn lögreglumál.

### 6. gr.

Fresta skal framkvæmd tilskipunar 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, tilskipunar 4. marz 1871 um viðauka við hana og laga nr. 40, 8. nóv. 1901, að því leyti, sem tilskipanir þær og lög samrýmast ekki lögum þessum. Lög nr. 41, 13. nóv. 1903, eru úr gildi numin.